

**Ed.**

**156. Breytingartillaga**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir c-lið 3. gr. laganna bætast tveir nýir liðir, svo hljóðandi:

- d. Að innheimta aðflutningsgjald af efni í kassa um fisk til útflutnings sem um almennan trjávið sé að ræða, enda sé kassaefnið ekki unnið meira en það, að það sé sagað niður í hæfilegar lengdir.
- e. Að innheimta aðeins 2% verðtoll og 7 auro á kíló í þungatoll af flugeldum, sem notaðir eru til skipa og skylt er að hafa um borð lögum samkvæmt (neyðarljós).